



Viðtakandi	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis	Dagsetning	15. maí 2024
Sendandi	Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti	Málsnúmer	HVIN23110303
		Tilgangur	Til upplýsingar

Sameining Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Háskólans á Akureyri

Við umfjöllun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um 832. þingmál á 154. löggjafarþingi, frumvarp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, nr. 81/1997, hefur svohljóðandi fyrirspurnin verið beint til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis:

Samkvæmt fjárlögum 2024 nemur fjárheimild Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar 85,9 millj. kr. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málaflokk 17 og málaflokk 50. Árið 2025 er áætluð fjárheimild stofnunarinnar 85,3 millj. kr. og árið 2026 er áætluð fjárheimild 84,7 millj. kr.

Með vísan til framangreinds, hvernig hyggst ráðuneytið tryggja að sú fjárheimild sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er ætluð áfram til starfsemi nýrrar rannsóknastofnunar innan HA að sameiningu lokinni? Með hvað hætti er því haldið til haga við gerð fylgirita með fjárlögum ár hvert?

Við undirbúning þingmáls 832 lýsti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti þeirri fjárhagslegu forsendu fyrir sameiningu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Háskólans á Akureyri að heildarframlag hins opinbera, samkvæmt fjárlögum og aukafjárveitingu, til stofnunarinnar eins og það var 2022 og áætlað 2023 þyrfti að vera tryggt áfram. Fjárheimildir 2022 og 2023 voru 104 millj. kr. vegna sérstakra 20 millj. kr. aukafjárveitinga bæði árin. Þær 20 millj. kr. sem vantar upp á í fjárveitingu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á árinu 2025 og síðar verða ekki teknar úr rekstri Háskólans á Akureyri og þarf því að fjármagna með auknum fjárheimildum.

Verði frumvarpið að lögum mun háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti beita sér fyrir því að sú fjárheimild sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar hefur haft innan málaflokks 17.50 í fjárlögum færist til Háskólans á Akureyri sem er undir málaflokki 21.10 í fjárlögum. Eftir sameiningu við háskólann verður Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ekki með sérstakt fjárlaganúmer í fjárlögum heldur verður framlag til stofnunarinnar hluti af framlagi til háskólans í fjárlögum. Svonefnt deililíkan Háskólans á Akureyri sem notað er til að skipta fjárveitingu til skólans af fjárlögum niður á fræðasvið, deildir og einstakar námsleiðir og rannsóknarstarfsemi mun framvegis segja til um það framlag sem ætlað er til starfsemi Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Fram til þessa hafa fjárveitingar til háskóla fylgt reglum um fjárveitingar til háskóla nr. 656/1999, sem voru settar með stöð í þágildandi lögum um háskóla, nr. 136/1997. Í nóvember 2023 kynnti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti í Samráðsgátt stjórnvalda nýja árangurstengda fjármögnun háskóla í drögum að reglum um framlög til háskóla sem ætlað er að auka gagnsæi í fjárveitingum til háskóla og hvetja til aukinna gæða í kennslu og rannsóknum. Ný árangurstengd fjármögnun háskóla ræður skiptingu fjárheimilda í málaflokki 21.10 í fjárlögum í fjárveitingar til kennslu og rannsóknar í háskólum. Þar af fer fimmtungur fjárveitinga, 20%, á forsendum rannsókna. Hlutfall fjármagns til rannsókna ræðst m.a. af svonefndri birtingatölfræði, svo sem tekur til opinna birtinga á niðurstöðum rannsókna í ritrýndum tímaritum og árangurs í erlendri styrkjasókn í völdum sjóðum, til að mynda styrkja í Horizon-rannsóknaráætlun Evrópusambandsins. Þar hefur Stofnun Vilhjálms Stefánssonar náð góðum árangri og aflað stórra styrki, sjá:

<https://cordis.europa.eu/search?q=organization%2FlegalName%3D%27STOFNUN%20VILHJALMS%20STEFANSSONAR%27%20OR%20organization%2FshortName%3D%27STOFNUN%20VILHJALMS%20STEFANSSONAR%27&p=1&num=10&srt=Relevance:decreasing>.

Þá er einnig við ákvörðun framlaga til háskóla tekið tillit til samfélagslegs hlutverks háskóla og byggðasjónarmiða í starfsemi háskóla. Þetta eru allt atriði sem munu hafa áhrif á fjárveitingu til Háskólans á Akureyri vegna þeirrar starfsemi sem fer fram undir merkjum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Ráðgert er að reglur um framlög til háskóla verði gefnar út síðar á þessu ári. Í kjölfarið má búast við að Háskólinn á Akureyri uppfæri deililíkani háskólans, sem mun segja til um úthlutun fjár til Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Til samanburðar má nefna að fram að útgáfu fjárlaga 2023 hafði Raunvísindastofnun Háskóla Íslands sérstakt fjárlaganúmer í fjárlögum og sérstaka fjárveitingu sem var tilgreind í fylgiriti með fjárlögum. Við vinnslu fjárlaga 2023 var að áeggjan Ríkisendurskoðunar gerð sú breyting að Raunvísindastofnun var felld undir heildarfjárveitingu til Háskóla Íslands. Frá og með fjárlögum 2023 hefur framlag úr ríkissjóði til reksturs Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands því farið í gegnum deililíkan Háskóla Íslands. Sami háttur verður hafður á hjá Háskólanum á Akureyri vegna framlags úr ríkissjóði til reksturs Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Framangreind samantekt er send umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til upplýsinga.